

Mál nr. 75/2017

M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Tjón á bifreið í þvottastöð 6.1.2017.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 1.3.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 14.3.2017, ásamt afriti ódags. tjónstilkynningar og höfnunarbréfi V dags. 30.1.2017.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að starfsmaður M fór með bifreið í eigu M í þvottastöð X og þar hafi orðið tjón á bifreiðinni, nánar tiltekið á toppi bifreiðarinnar og loftneti hennar.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið M þar sem starfsmenn X hafi hleypt bifreiðinni inn í þvottastöð sína, þrátt fyrir að hún hafi verið of há fyrir þvottastöðina. M segir í málskoti að starfsmenn M hafi farið með umrædda bifreið áður í gegnum sömu þvottastöð án vandræða. Starfsmenn X hafi hins vegar sagt starfsmanni M að nýlega hafi verið skipt um kústa í þvottastöðinni og þeir nýju séu lægri en þeir eldri. Þær upplýsingar hafi hins vegar ekki komið fyrir en eftir að tjónið varð og starfsmanni M hafi verið hleypt inn í þvottastöðina við greiðsluhlið sem og eftir að tjöruleysi hafi verið úðað á bifreiðina, án þess að hann hafi verið varaður við að hæð bifreiðarinnar væri of mikil.

V telur að upplýsingar frá um málsatvik séu ekki réttar og hefur eftir starfsmönnum X að starfsmaður M hafi verið varaður við því í greiðslulúgu að bifreiðin væri of há. Starfsmaður M hafi hins vegar hunsað ábendingar starfsmanns L. V vísar auk þess til þess að X beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni sem verður í starfsemi fyrirtækisins og að M hafi ekki sýnt að tjón hans hafi komið til vegna gáleysis starfsmanna X eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ágreiningur er um málsatvik. Engin skrifleg skýrsla liggur fyrir af hálfu X um málsatvik heldur heldur leggur V til grundvallar lýsingu sem „félagið hefur aflað sér hjá X“ í höfnunarbréfi til M dags. 30.1.2017. Verður að líta til þess við mat á atvikum málsins sem og þess að það verður að ætla í starfsemi sem þeirri sem X stundar að starfsmenn X geti stýrt því hvaða bifreiðar fari í gegnum þvottastöðvar þeirra. Í fyrsta lagi sé hægt að gera það þegar greiðsla á sér stað í greiðslulúgu og síðan við tjöruleysisúðun áður en bifreið er ekið inn í þvottastöðina. Lýsing M á málsatvikum bendir til þess að starfsmaður M hafi ekki fengið nægilega skýrar leiðbeiningar þegar hann kom með bifreið M í þvott hjá X og áður en bifreiðinni var ekið inn í þvottastöðina. Verður X að bera hallann af þeim ágreiningi sem er um málsatvik að þessu leyti, í ljósi þeirra gagna sem hafa verið lögð fyrir nefndina. Telst M því eiga rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna skaðabótaábyrgðar X á tjóni M. Ekki er tilefni til þess að M beri einnig ábyrgð á tjóninu vegna meðábyrgðar.

Niðurstaða.

M á á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.